

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387 27. desember 1973 með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 1 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 2 600.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

24. ágúst 1978.

Nr. 311.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 90.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 24 836.00 á ári fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé 1 l/mín. fyrir hverja 100 m³ húsnæðis.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 960.00 á mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2" — 1 760.00 á mán.
3. Fyrir hemla — 960.00 á mán.

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³, kr. 191 830.00.

400 til 2000 m³, kr. 191 830.00 af 400 m³ + kr. 160.00 á m³ þar yfir að 2000 m³.

2000 m³, kr. 447 830.00 + kr. 131.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 27 980.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.